<table>
<tr><th>Námsþáttur</th><th>5. bekkur</th><th>6. bekkur</th><th>7. bekkur</th></tr>
<tr><td>Hlustun</td><td colspan="3">Við lok 2. stigs getur nemandi:<ul><li>Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega</li><li>Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti</li><li>Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt</li><li>Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.</li></ul></td></tr>
<tr><td>Markmið GRV<br>Að nemandi geti:</td><td></td><td>Geti hlustað eftir og tileinkað sér orðaforða úr einföldum frásögnum út frá eftirfarandi efnisþáttum:<ul><li>Hver er ég  - Hvem er jeg?</li><li>Líkaminn minn - Min krop.</li><li>Fatnaður og litir - Tøj og farver.</li><li>Tallene 0-20.</li></ul></td><td>Geti hlustað eftir og tileinkað sér orðaforða úr einföldum frásögnum út frá eftirfarandi efnisþáttum:<ul><li>Hver er ég - Hvem er jeg?</li><li>Hvaðan kemur þú - Hvor kommer du fra?</li><li>Líkaminn minn - Min krop</li><li>Fatnaður og litir - Tøj og farver</li><li>Dagarnir - Dagene</li><li>Fjölskyldan - Familien</li><li>Árstíðirnar fjórar - De fire årstider</li><li>Hvað er klukkan - Hvad er klokken?</li><li>Heimilið mitt - Mit hjem</li><li>Afmælisdagur – Fødselsdag</li></ul>Geti tileinkað sér það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við einföldum fyrirmælum.</td></tr>
<tr><td>Lesskilningur</td><td colspan="3">Við lok 2. stigs getur nemandi:<ul><li>lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum</li><li>Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra</li></ul></td></tr>
</table>

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu<br>• Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög. | | |
| **Markmið GRV**<br>**Að nemandi geti:** | | • Lært að nota dansk-íslenska orðabók/netorðabók við textavinnu og orðaforðavinnu.<br>• Fylgst með einföldu efni úr myndmiðlum. | • Geti lesið og unnið með einfaldan texta úr efnisþáttum skólaársins.<br>• lært að nota dansk-íslenska orðabók/netorðabók við textavinnu og orðaforðavinnu.<br>• lesið léttlestrartexta og unnið lesskilningsverkefni tengt vinnu vetrarins.<br>• fylgst með einföldu efni úr myndmiðlum. |
| **Samskipti** | **Við lok 2. stigs getur nemandi:**<br>• Sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði<br>• Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf<br>• Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum<br>• Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal | | |
| **Markmið GRV**<br>**Að nemandi geti:** | | • Sagt nafn og aldur í heilli setningu.<br>• Talið nokkur líkamsorð og bent á þau á líkamanum.<br>• Talið upp nokkra liti.<br>• Talið upp tölurnar frá 1-20 | • sagt í stutu máli aðeins frá sjálfum sér, nafn, aldur, afmælisdag sinn og hvaðan hann er.<br>• talið nokkur líkamsorð og bent á þau á líkamanum.<br>• talið upp flesta liti og nefnt nokkrar helstu flíkur.<br>• talið upp vikudagana og árstíðirnar fjórar.<br>• sagt frá fjölskylduhögum sínum í örstuttu máli.<br>• sagt á einföldu máli hvað klukkan sé. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | • talið upp tölurnar frá 1-20 |
| **Frásögn** | **Við lok 2. stigs getur nemandi:**<br>• Tjáð sig um það sem við- kemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval<br>• Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum<br>• Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.<br>• Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra | | |
| **Markmið GRV**<br>**Að nemandi geti:** | | • Lesið upphátt einfaldan texta úr efni vetrarins | • sagt frá og lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi í einföldu máli.<br>• lesið upp eigin texta sem hann hefur æft.<br>• lesið upphátt einfaldan texta úr kennslubók. |
| **Ritun** | **Við lok 2. stigs getur nemandi:**<br>• Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki<br>• Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda<br>• Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt,<br>• Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.,<br>• Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. | | |
| **Markmið GRV**<br>**Að nemandi geti:** | | • Ritað einföld orð úr efni vetrarins. | • ritað einfaldan texta (20-30) orð um sjálfan sig og fjölskyldu sína.<br>• læri einfaldar málfræðireglur og geti beitt þeim líkt og:<br>• notað en og et fyrir framan nafnorð.<br>• fundið algeng nafnorð í texta.<br>• myndað einfaldar spurningar með spurnarfornöfnunum. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | • geti notað algengar samtengingar til að mynda setningar. |
| **Menningarlæsi** | **Við lok 2. stigs getur nemandi:**<br>• Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor<br>• Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu<br>• Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra | | |
| **Markmið GRV**<br>**Að nemandi geti:** | | • Kynnist danskri tónlist og kvikmyndum af einhverju tagi. | • geti strikað undir orð í stuttum texta sem líkjast orðum í íslensku.<br>• þekki landfræðilega legu Danmerkur og skiptingu í Jótland, Fjón og Sjáland.<br>• þekki höfuðborg Danmerkur.<br>• kynnist danskri tónlist og kvikmyndum af einhverju tagi. |
| **Námshæfni** | **Við lok 2. stigs getur nemandi:**<br>• Sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf<br>• Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram<br>• Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara<br>• Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu<br>• Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi<br>• Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leið- réttingarforrit og leitarvélar. | | |
| **Markmið GRV**<br>**Að nemandi geti:** | | • Geti tekið þátt í fjölbreyttri para- og hópavinnu.<br>• Læri að nýta sér google.is - google translate.<br>• Læri að fletta upp í orðabók. | • geti tekið þátt í fjölbreyttri para- og hópavinnu.<br>• læri að nýta sér google.is - google translate.<br>• læri að fletta upp í orðabók. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kennsluaðferðir** | | Bein kennsla, hópavinna, paravinna, þemavinna, gagnvirk tölvuvinna, samræður og hlustun.<br>Samvinna kennara. Danskt myndefni. Lykilatriðum safnað í þemabók sem fylgir þeim út grunnskólagönguna. | Bein kennsla, hópavinna, paravinna, þemavinna, gagnvirk tölvuvinna, samræður og hlustun.<br><br>Samvinna kennara. Danskt myndefni. Lykilatriði í málfræði og orðaforða safnað í Temabog. |
| **Námsmat** | | Kaflapróf og hlustunarverkefni. Einkunnir færðar inn á Mentor og námshæfni skráð inn á hæfnikort nemenda í lok skólaársins. | Þemapróf, hlustunarverkefni, munnleg verkefni.<br>Þemabók (ritunarverkefni og önnur verkefni), sjálfsmat og þemaverkefni.<br>Netverkefni.<br>Einkunn og frammistöðumat gefið í lok annar. |
| **Námsefni** | | **Grunnbækur:** Leg og lær vinnuhefti . START les- og vinnubók, valið efni úr bókinni til undirbúnings fyrir dönskunám í 7. bekk. Valin verkefni úr Start unnin í þemabók.<br>**Ítarefni:** Ýmis verkefni og þemaverkefni ásamt DVD myndum og þáttum af www.dr.dk | **Grunnbækur:** START les- og vinnubók<br>**Ítarefni:** Léttlestrarbækur, málfræðiverkefni, tölvuverkefni, ýmis verkefni og þemaverkefni ásamt DVD myndum og þáttum af www.dr.dk, START leikjavefur á www.nams.is, Minitænken (aukahefti). |
| **Hugtök sem unnið er með** | | Jeg selv, farver, tøj, kroppen og dagene.<br><br>**Málfræðihugtök:** Tölurnar frá 1-20. Nemendur fá kynningu á öllum tölunum en verða prófaðir úr fyrstu tuttugu. | Jeg selv, hvor jeg kommer fra, familien, farver, tøj, kroppen, årstiderne, dagene, klokken og fødselsdag.<br><br>**Málfræðihugtök:** Spurnarfornöfn: hvor - hvem, nafnorð: en - et (tvö kyn í dönsku, samkyn - en og hvorugkyn - et) og tölurnar frá 1-20 og tugina. Nemendur fá kynningu á ofantöldum málfræðiatriðum og skrá í temabog. |